

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 16. Maí 2017 á Kjóavöllum.

8. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Sigurður Tyrfingsson, Kristín Njálsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Ragna Emilsdóttir, Helga Hermannsdóttir og Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Á þessum áttunda fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar bíður samþykktar næsta fundar.
2. Farið yfir rekstur Samkipahallar síðustu mánuði og voru 26 viðburðir voru á dagskrá.
3. 54 umsóknir um beitarhólf á félagssvæði bárust en sjálfboðaliðar hafa nú þegar girt af 39 hólf og eru fleiri hólf í bígerð Auglýsing birt á netinu þann 12 maí síðastliðinn og eru beitarhólf tilbúin til notkunar þann 16 maí. Gjald fyrir hólf er 5000 krónur fyrir hvern mánuð og skal greiðast fyrirfram og eru þá hólf merkt viðkomandi félagsmanni. Félagsmönnum er bent á auglýsingu á heimasíðu þar sem fram koma almennar reglur.
4. Erindi Kvennadeild tekið fyrir varðandi uppgjör og dagsetningu á næsta Kvennatölti. Breyting um að flytja dagsetningu á Kvennatöltinu hlýtur jákvæðar undirtektir. Niðurstaða uppgjörs kynnt á næsta stjórnarfundum.
5. Umgengismál á félagssvæði og losun úrgansd. Það er með öllu óheimilt að losa heyrúllur eða hestaskít á félagssvæði eða í næsta nágrenni. Félagsmenn eru hvattir að vanda umgengni á félagssvæði.
6. Dómsmáli félagsins vegna arkitekts reiðhallar hefur verið áfrýjað til hæstaréttar.
7. Umræða um ástands félagshesthúss og nauðsynlegt viðhald og endurnýjun á innréttingum.
8. Öryggismál í mannvirkjum Sprettis, umræða um upplýsingaskyldu og ábyrgð félagsins. Stjórn sammála um nauðsyn þess að setja fram betri leiðbeiningar og reglur í reiðhöll.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir.